Skoðunarmaður/endurskoðandi: Ófeigur Guðmundsson, kt. 010258-3679, Háaleitisbraut 121, 108 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er sala og rekstur garðþjónustu, ráðgjöf og almennar garðvinnu. Tilboðsgerð, verkkaup og verksala sem snýr að umræddri starfsgrein og öðrum skyldum rekstri. Einnig annar rekstur svo sem rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2017010056

Útgáfud.: 23. maí 2017

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Hallarbjarg ehf.**

Kt.: 520517-0570.

Heimili og varnarþing: **Klettaborg 11, 600 Akureyri.**

Dagsetning samþykktar er:

Stofnendur: Elvar Magnússon, kt. 120184-3269, Daggarlundi 8, 600 Akureyri, Ottó Biering Ottósson, kt. 260374-4869, Klettaborg 11, 600 Akureyri.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:

Formaður stjórnar: Ottó Biering Ottósson. Meðstjórnandi: Hafdis Erna Ásbjarnardóttir, kt. 210686-3209, Daggarlundi 8, 600 Akureyri.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Hafdis Erna Ásbjarnardóttir, Ottó Biering Ottósson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Enor ehf., kt. 530612-2010, Hafnarstræti 53, 600 Akureyri, Davíð Búi Halldórsson, kt. 190777-5299, Vörðutúni 1, 600 Akureyri.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er bygging fasteigna, útleiga fasteigna, viðskipti með fasteignir, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar tengdur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2017010057

Útgáfud.: 23. maí 2017

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Lausamjöll ehf.**

Kt.: 500517-0260.

Heimili og varnarþing: **Smáratorgi 3, 201 Kópavogur.**

Dagsetning samþykktar er:

Stofnendur: Stekkjarhvamur ehf., kt. 450916-0560, Stekkjarhvammi 10, 220 Hafnarfjörður.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:

Stjórnarmaður: Ragnar Guðmundsson, kt. 230382-5579,

Stekkjarhvammi 10, 220 Hafnarfjörður. Varastjórn: Páll Jóhannesson, kt. 090776-5689, Mávanesi 12, 210 Garðabær.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Páll Jóhannesson.

Prókúruumboð: Páll Jóhannesson, Ragnar Guðmundsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Grant Thornton endurskoðun ehf, kt. 430190-1999, Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala og rekstur fasteigna og lausafjár ásamt lánastarfsemi tengd rekstrinum og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2017010058

Útgáfud.: 23. maí 2017

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Miðtún ehf.**

Kt.: 500517-1070.

Heimili og varnarþing: **Miðtúni 3, 800 Selfoss.**

Dagsetning samþykktar er:

Stofnendur: Jón Árni Guðmundsson, kt. 150851-2039, Miðtúni 3, 800 Selfoss.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:

Formaður stjórnar: Hansína Kristjánsdóttir, kt. 211158-4259, Miðtúni 3, 800 Selfoss. Meðstjórnandi: Jón Árni Guðmundsson.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn: Jón Árni Guðmundsson.

Prókúruumboð: Jón Árni Guðmundsson, Hansína Kristjánsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sveinn Rúnar Reynisson, kt. 030574-4279, Hjarðarhaga 64, 107 Reykjavík, Advant ehf., kt. 681015-3020, Skipholti 50d, 105 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 81.068.911 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er kaup, sala og útleiga á fasteignum, lánastarfsemi og tengdur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2017010059

Útgáfud.: 23. maí 2017

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Sólfinna ehf.**

Kt.: 480517-0160.

Heimili og varnarþing: **Bæjartúni 19, 200 Kópavogur.**

Dagsetning samþykktar er:

Stofnendur: Sunna Gunnlaugsdóttir, kt. 110570-3929, Bæjartúni 19, 200 Kópavogur, Scott Ashley Mc Lomore, kt.

010273-2269, Bæjartúni 19, 200 Kópavogur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:

Stjórnarmaður: Sunna Gunnlaugsdóttir. Varastjórn: Scott Ashley Mc Lomore.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn: Sunna Gunnlaugsdóttir.

Prókúruumboð: Sunna Gunnlaugsdóttir, Scott Ashley Mc Lomore.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sunna Huld Thorarensen, kt. 100146-4609, Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík, Arndís Jóhanna Arnórsdóttir, kt. 310862-2909, Reynimel 45, 107 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er hvers konar tónlistarstarfsemi, tónlistarflutningur og útgáfa.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2017010060

Útgáfud.: 22. maí 2017

Stefna

Elín Sveinsdóttir

Kt.: 200690-3739

Sundstræti 24

Ísafirði

Gerir kunnugt: að hún þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á hendur Jose Carlos Perny Figura og Loic Cédric Mbang Ondo, til heimtu skaðabóta vegna líkamstjóns sem hún varð fyrir aðfaranótt sunnudagsins 14. september árið 2014.

Málflutningsumboð: Sigrún Jóhannsdóttir hdl., Garðastræti 36, 101 Reykjavík, flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða stefnanda skaðabætur vegna þess tjóns sem hún varð fyrir af þeirra hálfu. Ítarlegri kröfugerð verður lögð fram undir rekstri málsins.

Þá er þess krafist að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, in solidum, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikning. Við málskostnaðarákvörðun verði tekið tillit til þess að stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyld.

I. Málavextir.

Stefnandi varð fyrir alvarlegu líkamstjóni aðfaranótt sunnudagsins 14. september 2014 er stefndu brutu í sameiningu á henni kynferðislega í heimahúsi að Múlalund 12 á Ísafirði. Stefnandi er fædd og uppalin á Ísafirði og bjó þar á þessum tíma. Stefndu voru einnig búsettir á Ísafirði á þessum tíma, en þeir höfðu verið keyptir til atvinnumennsku af fótþoltaliðinu BÍ/Bolungarvík.

Aðdragandi málsins er sá að laugardagskvöldið 13. september 2014 höfðu vinkonur stefnanda samband við hana og buðu henni heim til einnar þeirra, Ingu Sifjar Ingvarsdóttur. Ætlunin var að fara síðar á skemmtistaðinn Húsið en stefnandi var treg til þar eð hún átti að mæta til

vinnu við heimahjúkrun snemma næsta morgun. Hún ákvað þó að slá til en einsetti sér að neyta ekki mikils áfengis og fara snemma heim.

Þegar til Ingu Sifjar var komið voru þar einnig systurnar Bergrós Eva og Ástrós Valsdætur og Íris Ösp Heiðrúnardóttir. Rétt eftir miðnætti héldu stúlkurnar á skemmtistaðinn Húsið, þar sem fjölmennt var. Hluti fótboltaliðsins var þar, að venju, en þeir lögðu mikið kapp á að bjóða stúlkum í gleðskap í Múlalundi við lokun skemmtistaðarins. Hluti fótboltaliðsins var búsettur í Múlalundi og þá sérstaklega þeir sem fluttust í bæinn í þeim eina tilgangi að spila fótbolta. Um var að ræða unga karlmenn frá ólíkum löndum og menningarheimum. Þess ber að geta að blátt bann er lagt við áfengis- og vímuefnaneyslu liðsmanna og því voru þeir allir allsgáðir þetta kvöldið.

Stúlkurnar skemmtu sér vel á Húsinu. Við lokun staðarins um kl. 3.00 söfnuðust gestirnir fyrir utan, líkt og vaninn er. Þar tók Aaron Robert Spear stefnanda tali og bauð henni að koma með sér í gleðskap í Múlalandi 12. Stefnandi afþakkaði boðið en Aaron þrýsti á hana og sagði hana ekki þurfa að stoppa lengi við. Þegar stefnandi sá að vinkonur hennar voru á leiðinni þangað ákvað hún að slá til. Hún og Aaron fengu far á staðinn með Goran Jovanovski. Á leiðinni spjölluðu stefnandi og Aaron um daginn og veginn þar til hann skyndilega spurði hana hvort þau væru ekki örugglega að fara að stunda kynlíf saman, e. „we are going to have sex when we get to the party, right?“. Stefnandi fannst spurningin óeðlileg enda þekkti hún Aaron lítið og ekkert í aðdragandanum gaf til kynna að hún hefði kynferðislegan áhuga á honum. Þegar hún afþakkaði boðið brást Aaron hinn fúlasti við og talaði ekki meira við hana það sem eftir lifði kvölds. Þess ber að geta að Goran var vitni af samræðunum en ræddi ekkert við þau alla leiðina.

Þegar á staðinn var komið voru þar stödd auk stefnanda þau Aaron og Goran, Inga Sif, Bergrós Eva, Ástrós, og stefndu Figura og Loic M'Bang Ondo. Stefnandi þekkti karlmennina lítið sem ekkert. Gleðskapurinn stóð yfir í um klukkustund, frá um kl. 3.30 til um 4.30. Meðan á gleðskapnum stóð spjölluðu þau saman og skiptust á að velja tónlistina. Eftir á að hyggja þykir stefnanda stemningin hafa verið undarleg þar sem karlmennirnir reyndu að bera áfengi í stúlkurnar, milli þess sem þeir fífluðust í þeim og döðruðu við þær. Stefnandi Figura gerði sér sérstaklega dælt við Bergrós og reyndi að fá hana til kynferðislegs samneytis í einu herbergjanna, án árangurs. Þegar Bergrós náði að koma sér út úr herberginu voru stefnandi og stefndi Ondo farin saman inn í annað herbergi. Strax í kjölfarið fóru Ástrós og Aaron saman upp í íbúð Aarons á efri hæðinni. Á sama tíma tók Bergrós leigubíl heim til sín á Suðureyri og þegar hún var farin fór Inga Sif með Goran upp í sömu íbúð á efri hæðinni. Ástrós var í íbúð Aarons í um tíu til fimmtán mínútur og þegar hún kom niður voru allir farnir nema stefndi Figura, hann var þar einn. Ástrós ákvað því að taka leigubíl heim en hringdi fyrst í systur sína til að vita hvar hún væri stödd. Bergrós var þá enn á leiðinni heim, en aksturinn tekur um 20 mínútur. Þegar Inga Sif kom síðar niður frá Goran fann hún engan í íbúðinni og fór því heim einsömul.

Meðan á gleðskapnum stóð settist stefndi Ondo hjá stefnanda og þau hófu spjall. Hann varð óþarflega ágengur við hana, meira en hún kærði sig um. Stefnandi þurfti ítrekað að hörfa frá honum en var þó svolítið upp með sér yfir athyglinni. Stefnandi Ondo spurði stefnanda ítrekað „do you want to move this party to my room?“. Þrátt fyrir að

stefnandi afþakkaði boðin gafst stefndi Ondo ekki upp, með fagurgala og þrýstingi tókst honum á endanum að fá hana inn í herbergið.

Þegar þangað var komið lokaði stefndi Ondo dyrum á eftir þeim og þau settust á rúmið hans. Þar fífluðust þau, kysstust lítið eitt og stefnandi var ekki á mótfallin samskiptunum. Stefnandi fann þó hve hratt stefndi Ondo örvaðist og varð æstari og ákafari með hverri mínúttunni. Þegar hann svo stóð upp, klæddi sig úr fötunum og reyndi að ná stefnanda úr fötunum fóru að renna á hana tvær grímur. Með fortölum náði hann henni úr að neðan og beygði hana fram í rúmið. Án nokkurs forleiks og án þess að spyrja stefnanda hvort hún væri samþykk hóf stefndi Ondo að hafa við hana samræði aftan frá. Þar sem kynferðisleg örvun var ekki til staðar hjá stefnanda voru leggöng hennar þurr þegar samræðið hófst. Upplifði hún því mikinn sársauka þegar stefndi Ondo þröngvaði getnaðarlim sínum í leggöng hennar. Við sársaukann hrópaði hún á hann og bað hann að hætta þegar í stað, e. „stop it, it hurts. STOP. PLEASE STOP, IT REALLY HURTS.“ Stefnandi Ondo virti ekki bara bón stefnanda að vettugi heldur virtist tvíeflast við mótstöðu hennar. Hann tók aðeins fastar um mittið á henni og beitti aflsmunum við að viðhalda harkalegum samfarahreyfingum. Þegar þarna var komið sögu fann stefnandi fyrir mikilli hræðslu, niðurlægingu og vonleysi. Í viðleitni sinni við að hafa einhverja stjórn á atburðarrásinni, sem hún augljóslega hafði ekki, bað hún stefnda Ondo að setja í það minnsta smokk á sig. Verður að álíta það uppgjöf gagnvart aðstæðum. Stefnandi Ondo brást reiður við og sagðist ekki nota smokk. Hann tók þó getnaðarliminn stuttlega út en hélt svo áfram taktföstum, þungum og sársaukafullum samförunum. Vart þarf að taka fram að samfarirnar voru aldrei með vilja beggja. Stefnandi sýndi fullkomið skeytingarleysi gagnvart hennar vilja og hún fann hvernig hann ætlaði bara fá það sem hann vildi, sem skjótast og einbeittast.

Á þessari stundu kom stefndi Figura inn í herbergið án samþykkis stefnanda. Stefnandi Ondo virtist ekkert kippa sér upp við það og hélt samförunum áfram, sem voru augljóslega ekki með vilja stefnanda. Stefnandi Figura klæddi sig hratt úr öllum fötunum og rak án hiks getnaðarlim sinn upp í hana meðan stefndi Ondo hafði við hana samræði. Engar samræður áttu sér stað milli aðila. Hvorugur stefndu skeytti nokkru um hvort vilji væri til staðar hjá stefnanda. Þarna er hræðsla stefnanda og skelfing orðin svo mikil að hún fraus. Fljótlega eftir að stefndi Figura hóf að þvinga stefnanda til munnmaka fékk stefndi Ondo sáðfall og hætti samförunum. Þegar hann sleppti takinu lyppaðist stefnandi niður og fram fyrir sig í rúminu. Stefnandi Figura tók þá strax stöðu stefnda Ondo og hóf að hafa samfarir við stefnanda í þeirri stellingu. Stefnandi Ondo fór nánast rակleidis út úr herberginu eftir sáðlátið. Stefnandi var gat sig þarna ekkert hreyft og átti erfitt með tal. Hún náði þó með herkjum að biðja hann einnig um að setja á sig smokk svo hún mætti forðast þungun eða kynsjúkdóma. Allt hans framferði bar þess skýr merki að honum stæði fullkomlega á sama um vilja hennar til samfaranna eða liðan hennar að öðru leyti. Þegar stefndi Figura hafði einnig fengið sáðlát dró stefnandi sig saman og settist niðurlút á rúmbríkina. Dofinn sjatnaði og alda sársaukafullra tilfinninga skelltist yfir hana af enn meiri þunga. Stefnandi grét sáran á meðan hún þreifaði eftir klæðum sínum, buxum, nærbuxum og sokkum. Stefnandi Figura spurði hana hvað væri að, e. “What’s wrong?” en hún gat ekki svarað fyrir gráti. Hann fór þá fram og sótti stefnda

Ondo sem spurði þess sama og stefndi Figura. Stefnandi safnaði saman kröftum sínum og sagðist ætla heim. Þar sem stefndi Ondo sá að hún var í uppnámi reyndi hann með áþekkingu ágangi að stöðva hana, þ.e. með eigin hagsmunum í huga. Stefnandi fór út í flýti og stefndi Ondo á eftir henni. Þegar þangað var komið tók hann ekki í mál að hún gengi heim heldur taldi hana á að leyfa sér að skutla henni. Stefnandi grét ferðina á enda án þess að ræða nokkuð við stefnda.

Stefnandi fór ekki inn til sín heldur grét fyrir utan heimili sitt. Vanmáttug og hjálparlaus hringdi hún hágrátandi í Bergrós vinkonu sína, og sagði henni gróflega frá því sem átti sér stað. Bergrós brást við reið og áhyggjufull og hvatti hún stefnanda til að hringja á lögregluna. Stefnandi hringdi í lögregluna á Ísafirði þar sem henni mætti símsvari sem vísaði á Neyðarlinuna. Stefnandi var brugðið, skellti á og fylgdi máli ekki eftir. Hún hringdi þá í Albertu Gullveigu Guðbjartsdóttur vinkonu sína og sagði henni að sér hafi verið nauðgað af báðum stefndu, í íbúð í Múlalundi. Alberta ók rakleiðis til stefnanda og hughreysti hana, sem hún var sjáanlega í miklu uppnámi. Þær fóru saman á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða þar sem stefnandi varð lögð inn á bráðadeild. Í nótum vakthafandi lækis, Árna Leifssonar, kemur fram að hún leiti þangað, í fylgd vinkonu sinnar, eftir að hafa verið nauðgað í heimahúsi af tveimur mönnum sem hún þekkti. Stefnandi var í sjáanlegu uppnámi og táraðist við frásögnina. Alberta hringdi í foreldra stefnanda sem mætti skömmu síðar á staðinn. Að þeirra sögn grét stefnandi og var mjög döpur. Þau hafi rætt það hvort stefnandi ætti að kæra atburðinn en þau viljað leggja ákvörðunina í hennar hendur.

Á meðan á þessu stóð reyndi stefndi Ondo að ná sambandi við stefnanda símleiðis, fyrstu tilraun gerði hann stuttu eftir að hann hafði ekið henni heim. Stefnandi þekkti ekki númerið enda aldrei skipst á símanúmerum við stefnda Ondo. Alberta, sem var stefnda Ondo kunnug, var hins vegar með númerið skráð í símanum sínum og gat staðfest að um væri að ræða hans númer. Í skýrslutöku lögreglu viðurkenndi stefndi Ondo að hafa verið með umrætt númer, en kvaðst ekki hafa hringt í stefndu daginn eftir, heldur hafi þau verið í samskiptum gegnum samskiptasíðuna Facebook. Farsímagögn sýna hinsvegar stefnda Ondo að hafa hringt sjö sinnum í stefnanda sunnudaginn 14. september og að auki skiptust þau á smáskilaboðum. Þá sýna gögn af samskiptasíðunni Facebook að stefndi Ondo sendi henni fyrst skilaboð klukkan 21:17 kvöldið eftir, “you will need some rest now” sem stefnandi svaraði ekki. Stefnandi Ondo sendi henni þá eftirfarandi skilaboð þann 18. september, sem hvorug voru svöruð: “Hey how are you know? I just wanted to have news from you cause you I haven’t heard from you for a little while now..How’s things?” “I see, sorry for disturbing you..Take care of you”.

Næstu dagar og vikur einkenndust af mikilli andlegri vanlíðan, svefnleysi, ofsakvíða og almennu vonleysi og örvæntingu. Stefnandi reyndi að loka á atburðinn og forðaðist allt sem minnti hana á hann, bæði hugsanir og staði honum tengdum. Taugakerfið hennar var sífellt þanið og svefnleysið tók sinn toll. Hún var í raun í “survival mode”. Þegar hún svo komst að því að stefndu hefðu fengið framlengingu á samningum sínum við fótboltaliðið BÍ/Bolungarvík og væru væntanlegir aftur í bæinn tók hún þá ákvörðun að kæra þá, ekki bara sín vegna heldur einnig annarra ungra stúlkna í bænum. Stefnandi leitaði til

yfirlæknis Heilbrigðisstofnunnar Vestfjarða sem ákvað að halda fund með Lisbet, starfskonu Sólstafa og formanni BÍ/Bolungarvík. Niðurstaðan var sú að boltafélagið héldi fund með stefndu, sem ekki voru komnir til landsins. Á fundinum var stefndu tjáð að þeir ættu yfir höfði sér kæru vegna kynferðisbrots og vegna þessa væri þeim heimilt að segja upp samningnum við félagið. Stefndu höfnuðu því tilboði og fljótlega komu þeir aftur í bæinn. Þess má geta að fyrir fundinn hafði Samúel samband við stefnda Ondo og tjáði honum að ung stúlka hefði kært hann fyrir kynferðisbrot. Stefnandi Ondo sendi honum í kjölfarið linka á Facebook-aðganga þriggja ungra kvenna búsettra á Ísafirði og spurði hvort það væri einhver þeirra. Þá ber að nefna að þekkt var að stefndu reyndu að fá stúlkur til þess að stunda með þeim báðum kynlíf á sama tíma, þ.e. áður en þeir brutu á stefnanda. Sumar urðu fyrir töluverðu áreiti vegna þessa. Fór það svo að stefnandi kærði stefndu formlega fyrir kynferðisbrot þann 5. desember 2014.

Um þetta segir m.a. eftirfarandi í vottorði Auðar Helgu Ólafsdóttur, hjúkrunarfræðing áfallateymis Rauða krossins:

„[Stefnandi] hafði samband við undirritaða í mars 2015 vegna nauðgunar sem hún sagði að hún hefði orðið fyrir af hendi tveggja manna í september 2014. Hún sagðist ekki hafa kært strax því hún hafi ekki treyst sér til þess og eins voru meintir gerendur á förum úr bænum. Þegar hún síðan vissi að þeir væru væntanlegir aftur ákv hún að kæra sem hún og gerði. Þegar meintir gerendur voru svo komnir í bæinn sagðist hún hafa fundið fyrir miklum kvíða tengdu því að rekast á þá þegar hún færi út og var því farin að veigra sér við að fara úr húsi. Var þessi kvíði einnig farin að hafa áhrif á svefn hjá henni. Þá sagðist hún vera með sjálfsásakanir tengdar því að hún hafi verið drukkin þegar nauðgunin átti sér stað og ekki streist á móti og þannig mögulega getað komið í veg fyrir atburðinn.”

Rannsókn lögreglunnar á Ísafirði fór hægt af stað. Stefndu voru ekki teknir í skýrslutöku fyrr en 24. febrúar 2015, löngu eftir að þeim hafði verið tilkynnt um kærana. Á tímabilinu 4. mars til 18. september 2015 gáfu Alberta G. Guðbjartsdóttir, Inga Sif Ibsen Ingvarsdóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir, Bergrós Eva Valsdóttir, Margrét Eyjólfssdóttir, Jóhann Guðmundur Sigfússon, Aaron Robert Spear og Goran Jovanovski skýrslu vitnis. Að rannsókn lokinni sendi lögreglan á Ísafirði málið til ríkissaksóknara, sem ítrekað sendi það til baka til frekari rannsóknar. Þá virðist spítalinn hafa glatað mikilvægum gögnum varðandi skoðun stefnanda aðfaranótt 14. september 2014. Slæleg vinnubrögð lögreglu og vangeta réttarkerfis til þess að taka á kynferðisbrotamálum getur ekki og má ekki vera á túlkun stefnanda í óhag né heldur má leggja á herðar hennar að bera tjón sitt sjálf af þeim sökum.

Stefnandi gerði miskabótakröfu á hendur stefndu í lögreglumáli. Hún var birt báðum stefndu 10. apríl 2014. Þeir höfnuðu greiðslu bóta og er stefnandi því til þess neydd að höfða mál þetta.

II. Málásatæður.

Stefnandi telur að fram séu komnar löglíkur þess að hún hafi orðið fyrir kynferðisbroti af hálfu stefndu beggja þegar þeir sammæltust um að þvinga hana til samfara og annarra kynferðismaka aðfaranótt 14. September 2014, að Múlalundi 1 á Ísafirði.

Stefndi Ondo braut á stefnanda eftir að þau höfðu farið í sameiningu inn í eitt herbergjanna í Múlalundi í sameiningu. Réttilega var áhugi til staðar hjá báðum aðilum þegar þau

lögðust upp í rúmið, kysstust og fífluðust. Þegar stefndi Ondo gerðist hins vegar ágengari, og skeytti lítið um vilja og langanir stefnanda, varð áhugi hennar, eðli málsins samkvæmt, enginn. Stefndi Ondo virti þá staðreynd að vettugi og hafði við hana samfarir. Sjálfur vitnaði hann um að í skýrslutöku hjá lögreglu að stefnandi hafi ítrekað þurft að hörfa undan ágengni hans og að hún hafi verið “treg til” þegar kom að samförunum. Hafi honum ekki verið ljóst áhugaleysi stefnanda, bæði í hátterni og skort á örvun stefnanda, þ.e. þurrk í leggöngum hennar, þá mátti honum vera það fullljóst eftir að stefnandi ítrekað bað hann að hætta og tjáði honum hve sársaukafullar samfarirnar væru henni. Vitandi það hélt hann samförunum áfram allt þar til hann fékk sáðfall. Ási stefnda Ondo á því að fá sáðfall og ljúka samförunum bendir einnig til þess að þær hafi verið einhliða.

Stefndi Figura braut einnig á stefnanda sama kvöld í sama herbergi. Þrátt fyrir að hafa ekki fengið skýra munnlega neitun frá stefnanda við samförunum og munnmökum þá hefði hann mátt vita að hún var þeim ekki samþykkt. Í það minnsta hefði hann átt að falast eftir samþykki hennar áður en hann hafði við hana samfarir. Það gerði hann ekki með nokkrum hætti heldur bar öll hans háttsemi þvert á móti þess merki að hann hafi vísvitandi virt vilja hennar að vettugi. Hann kom óvænt og óboðið inn í herbergið þar sem stefndi Ondo hafi samfarir við stefnanda gegn vilja hennar. Án þess að ræða við stefnanda, sem hann þekkti lítið sem ekkert, klæddi hann sig úr fötunum og rak getnaðarliminn framan í hana. Þvingaði hana til munnmaka á meðan hann beið eftir því að stefndi Ondo fengi sáðfall. Þessi háttsemi er ekki hefðbundin þegar kemur að kynferðislegu samlífi fólks og af þeim sökum einum bar honum að gæta þess sérstaklega vel að vilji stefnanda væri til staðar. Þó stefnandi hafi ekki tjáð mótmæli sín munnlega þá gerði hún það með öllum öðrum hætti.

Viðbrögð stefnanda sjálftrar voru líffræðilega dæmigerð. Sjálfvirka taugakerfið skynjaði hættuástand og sendi boð til annarra líffæra um yfirvofandi átök. Við það juku nýrnahetturarnar seytingu hormóna til mikilla muna, þá einna helst adrenalíns, kortísóls, opíates og oxytocín, en þau eru lykilhormón bardaga-flóttu viðbragðanna (e. Fight or flight). Fyrstnefndu tvö auka orku og árverkni og þau síðarnefndu getuna til að þola andlegan og líkamlegan sársauka. Um er að ræða óvalkvæð og ósjálfráð viðbrögð. Hækkun þessara hormóna hefur í för með sér skerðingu á starfsemi framheilabarkarins og þar með getunni til að hugsa rökrétt. Í aðstæðum sem þessum er því skiljanlega mjög auðvelt að vera “vitur” eftirá, þ.e. Þegar hættan er liðin hjá og líkamstarfsemin orðin eðlileg aftur. Fyrstu viðbrögð stefnanda voru þau að verjast ofbeldið með því að biðja stefnda Ondo um að enda samfarirnar, skipa honum að gera það og tjá honum hversu sársaukafullar þær voru. Síðan reyndi hún að komast undan en við mótlætið virtist ákafi og yfirgangsemi stefnda Ondo aukast til muna. Hann tók fast utan um mitti hennar þannig að hún gat ekki losað sig og jók enn á samfarahreyfingarnar og kraft þeirra. Þegar ljóst var að hún kæmist ekki út úr aðstæðunum, ekki síst þegar stefndi Figura kom óboðinn inn í herbergið og klæddi sig úr fötunum, fór af stað síðasta úrræði sjálfvirka taugakerfisins, hún fraus (e. Tonic immobility/play dead). Um er að ræða ástand sem einkennist einna helst af ólærðri afturkræfni lömun. Sem skýrir það hvers vegna hún lappaðist niður á rúmið eftir að stefndi Ondo hafði fengið sáðfall og gat sig

ekki hreyft þegar stefndi Figura tók við samförunum. Það var ekki fyrr en hann hafði fengið sáðfall og ástandið var yfirstaðið sem skyndilega losnar um allt, hún grætur og upplifir mjög sterkar tilfinningar.

Hvað samfarirnar varðar og meðvitund stefndu um viljaleysi stefnanda til þeirra ber einnig að horfa til þess að vanmáttur brotþola var enn meiri í ljósi þess að tveir unnu saman við að yfirbuga hana. Það er ekki að sjá að hún hafi haft nokkra stjórn í aðstæðunum eða vægi. Það hlýtur að teljast grundvallaratriði í hóp kynlífi að konan hafi fulla stjórn á aðstæðum og sé þannig virkur þátttakandi, hvernig sem hún síðan kys að haga þátttöku sinni. Það getur ekki talist eðlilegt að hún sé kynferðislegt viðfang karlmanna sem skipst er á að nota. Þessi skilningur fær fulla stoð í dóm Héraðsdóms Reykjavíkur sem staðfestur var af Hæstarétti í máli nr. 49/2005, en þar segir eftirfarandi: “Vera kann að kynmök fleiri en tveggja á sama tíma geti talist eðlilegur þáttur kynlífs. Hvað sem því líður verður ekki öðru vísi lítið á, eins og atvik og atburðarrás var háttað að (...) en að stefndu hafi, með þeim aðförum sínum að hafa kynmök við stefnanda, með þeim hætti sem að framan segir og eins og þeir sjálfir hafa lýst fyrir dómi, framið ólögsmæta meingerð gegn stefnanda og æru hennar.” Í því máli voru aðstæður í megindráttum eins og í máli þessu. Þannig segir í dómi Hæstaréttar, “Samkvæmt framburði allra aðaláfrýjenda kallaði B þá D og C til, svo þeir gætu hvor á eftir öðrum einnig haft kynmök við gagnáfrýjanda á meðan samfarir þess fyrstnefnda stóðu yfir, án þess að hún veitti nokkurt tilefni til þess eða léti í ljós að hún væri þessu samþykkt. Aðaláfrýjendur D og C gátu ekki ætlað að þeir væru kallaðir til þeirra athafna, sem þar fóru fram, að vilja gagnáfrýjanda” [...] „Stefndu hafi engan veginn getað lítið svo á að stefnandi hafi með þessum hætti gefið samþykki sitt til kynmakanna og öllum megi vera ljóst að til þess að kynmök, af því tagi sem hér um ræði, geti talist eðlileg verði ótvírætt samþykki konu að liggja fyrir. Sönnunarbyrði um að samþykki stefnanda hafi legið fyrir hvíli á stefndu og þeir hafa ekki sýnt fram á það heldur þvert á móti verið í móttstöðu við hvor annan og önnur gögn.“

Öll viðbrögð stefnanda og sjúkrasaga hennar í framhaldi af því bera þess skýran vott að hún hafi orðið fyrir alvarlegu andlegu áfalli. Þess ber sérstaklega að geta að stefnandi var greind með áfallastreituröskun en samkvæmt DSM-5, greiningakerfi bandaríska geðlæknasambandsins þarf einstaklingur að hafa upplifað eða orðið vitni af atburð þar sem raunveruleg hætta var á dauða, alvarlegum áverkum eða kynferðislegu ofbeldi til þess að ná greiningarviðmiðunum. Það gefur augaleið að lélegt kynlíf eða eftirsjá eftir samþykktu kynlíf getur aldrei orðið tilefni greiningarinnar. Stefndi var að auki greind af starfandi sérfræðingi í áfallafræðum við Landspítalann Háskólasjúkrahús. Ranggreining sérfræðings í slíkri stöðu verður að teljast alvarleg handvömm í starfi. Þá votta foreldrar stefnanda að hún hafi breyst mjög í skapi eftir atburðinn, líðan hennar hafi verið sveiflukennd, hún hafi verið mjög niðurdregin og líði illa yfir því að stefndu væru enn í bænnum og hún óttaðist þá.

Þar sem aðilum greinir á um atburðarrásina í skýrslutökum er mikilvægt að horfa til trúverðugleika þeirra. Frásögn stefnanda er í fullu samræmi við frásögn annarra vitna og hefur verið á sama veg frá upphafi. Frásagnir stefndu eru bæði fullar af innri mótsögnum og eiga sér oft enga stoð í vitnisburð annarra. Þannig greinir þá á um veigamikil atriði

þegar kemur að aðdraganda samfaranna og samfaranna sjálfra. Stefndi Ondo segir að engin orðaskipti hafi átt sér stað á tímabilinu frá því stefndi Figura kemur inn í herbergið og þar til hann tekur við samförunum. Stefndi Figura greinir hins vegar frá heilmiklum orðaskiptum. Í skýrslutöku hans hjá lögreglu segist hann hafa beðið stefnda Ondo að láta sig vita þegar “hann væri búinn”. Þá segir hann að eftir að stefndi Ondo fékk sáðfall, og hann tók við samförunum, hafi hann þurft að beita stefnanda þó nokkrum fortölum áður en þær hófust, þannig segir hann eftirfarandi: *“Þegar Ondo hætti kveðst Jose hafa gert sig líklegan til þess að hafa kynlíf með honum. Hann hafi spurt hvað væri vandamálið en hún vildi ekki láta hann og Ondo halda að hún væri drusla. Jose hafi sagt að hann hugsaði ekki þannig og hann hefði verið með henni áður. Það skipti engu máli. Þá kveður hann að stefnanda hafi glennt í sundur í fætturnar til merkis um að það væri í lagi. Þau hafi stundað kynlíf í undir mínútu og hafi Ondo verið að klæða sig.”* Stefnandi segir þá eiga eitthvað sín á milli (?) (í skýrslutöku hjá lögreglu). Bæði stefnandi og stefndi Ondo sögðu stefnanda hafa haft munnmök við stefnda Figura en hann sjálfur þvertók fyrir það og sagði hana hafa fróað sér.

Máttlausar varnir stefndu í formi þolendaskammar grafa enn frekar undan trúverðugleika þeirra. Benda má á að í sinni málsvörn grípa stefndu til þess að mála stefnanda upp sem kynferðislega lausláta konu með miklar áhyggjur af áliti annarra. Slíkar hugmyndir eiga seint upp á pallborðið í íslensku samfélagi enda lítið um fordóma hér á landi gagnvart kynferðislega virkum konum. Þá bendir vitnisburður þeirra sem og hjálögð gögn til þess að stefndu beri almennt takmarkaða virðingu fyrir konum og kynfrelsi þeirra. Sem dæmi staðhæfir stefndi Figura að stefnandi hafi í fyrstu verið mótfallinn kynferðislegu samneyti þeirra á milli vegna ótta við álit annarra og að hann hafi þurft að “sannfæra hana um að hún væri ekki drusla”. Vitnisburður stefnda Ondo og stefnanda eru í andstöðu við þennan vitnisburð stefnda Figura og ólíklegt að þau hefðu látið hjá líða að greina frá eins mikilvægum atriði og þessu í skýrslutöku hjá lögreglunni. Þá heldur stefndi Figura því fram að stefnandi hafi lýst yfir áhuga sínum á kynferðislegu samneyti við hann helgina áður en þurft niðurlægð frá að hverfa þegar hún komst að því að hann væri með annarri stúlku það kvöldið. Þá heldur hann því og fram að stefnandi hafi veitt honum munnmök á heimili hans vikuna áður. Stefnandi kannast ekki við þennan atburð og ekkert sem styður þann vitnisburð. Stefndi Ondo vildi sérstaklega fá að taka það fram að “áður hafi stefnandi verið að hitta bæði Jose og Goran. Þetta sé ekki í fyrsta sinn sem hún kom í íbúðina”. Þá segir stefndi Figura að hann hafi farið inn í herbergi til stefnda Ondo og stefnanda því að “ein stelpa hafi þurft að fara heim og hann hafi ekki viljað vera einn án þess að vera með stelpu eins og Aron og Goran voru einnig með hjá sér”. Viðhorf þeirra til kynlífs og kvenna benda þannig einnig til einhvers konar metings um karlmennsku og skerts sjálfstrausts á því sviði.

Auk innbyrðis mótsagna stefndu þá er ýmislegt einni í mótsögn við frásögn vitna. Sem dæmi sagði stefndi Ondo að Aaron og ótilgreind stúlka hefðu litið inn í herbergið og séð hann og stefnanda stunda samfarir. Þetta fær ekki stoð í vitnisburð viðstaddra. Mun þessi staðhæfing líklega vera sett fram í þeim tilgangi að sýna fram á þvingunarleysi samfaranna. Stefndi Figura sagði að hann hafi farið fram eftir samfarirnar og hitt þar Aron og aðra stúlku auk þess

sem Goran og önnur stúlka hefðu verið að stunda kynlíf í einu herbergjanna. Þessi staðhæfing hefur eflaust einnig verið sett fram í þeim tilgangi að sýna fram á þvingunarleysið. Samkvæmt vitnisburð allra annarra viðstaddra var enginn í húsinu þegar aðilar komu fram úr herberginu. Goran staðhæfir gleðskapurinn hafi staðið stutt og að hann hafi farið snemma í rúmið. Inga Sif segist hafa farið í stutta stund með Goran í íbúð hans og þegar hún hafi komið aftur niður að sækja skóna sína hafi hún engan séð og farið beint heim. Allir aðrir voru farnir heim á þessum tímamarki. Þá hélt stefndi Ondo því fram að hann hefði ekki hringt í stefnanda daginn eftir heldur hafi þau átt í samskiptum á samskiptasiðunni „Facebook“ (HVENÆR). Í símaskýrslum lögreglunnar sést að stefndi Ondo hringdi fyrst í stefnanda kl. XX og síðar margsinnis eftir það, auk þess að senda smáskilaboð. Stefndi Ondo segir að stefnandi hafi sent honum skilaboð í gegnum Facebook þar sem hún tjáði honum að “hún væri að koma af sjúkrahúsi þar sem hún væri slæm í klofinu.” Hið rétta er að stefndi Ondo sendi henni einnig skilaboð í gegnum Facebook snemma morguninn eftir þar sem hann sagði hana þurfa svefn (e. You will need some rest now). Þá sendi hann henni skilaboð tveim dögum seinna þar sem hann spurði hvernig hún hefði það, sagðist ekki hafa heyrt í henni í svolitinn tíma (e. Hey how are you? I just wanted to have news from you cause I haven't heard from you for a little while now.. How's things?). Hvorugum skilaboðunum var svarað.

Af öllu framansögðu er ljóst að stefndu hafa í sameiningu ollið stefnanda tjóni, með saknæmum og ólögðum hætti, sem er skaðabótaskyld samkvæmt sakarreglunni. Stefnandi varð fyrir varanlegu tjóni sem bæta skal eftir ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993.

Brot stefndu varða við almenn hegningalög nr. 19/1940, einkum ákvæði kynferðisbrotakafla laganna, aðallega 194. gr. hans. Auk kynferðislegrar æru hennar. Þá brutu þeir gegn friðhelgi einkalífs hennar, sbr. 71. gr. Stjórnarskrár Íslands og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), nánar tiltekið rétti hennar til þess að hafna kynmökum og láta vera að taka þátt í kynlífi, sem og rétti hennar til þess að ákveða hvenær og hversu langt hún leyfi kynferðislegum samskiptum að ganga. Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) hefur ítrekað slegið því föstu að kynferðislíf einstaklinga sé þáttur í friðhelgi einkalífs þeirra, sjá t.d. dóm MDE í máli X og Y gegn Hollandi 26. mars 1985 (8978/80), Stubing gegn Þýskalandi, 12. apríl 2012 (43547/08), Söderman gegn Svíþjóð, 12. nóvember 2013 (5786/08). Þá hefur hann og áréttað að friðhelgi einstaklings yfir líkama sínum varði nánustu þætti einkalífs hans, sbr. m.a. dóm MDE í máli Y.F. gegn Tyrklandi, 22. júlí 2003 (24209/94).

Brot stefndu varða einnig við 68. gr. Stjórnarskrár og 3. gr. MSE, þ.e. að engan megi beita pyntingum eða annarri vanvirðandi meðferð. Í dóm MDE í máli MC gegn Búlgaríu frá 4. desember 2003 (39272/98) sagði dómurinn m.a.: „nauðgun brýtur ekki aðeins gegn sjálfræði einstaklinga (bæði líkamlegu og andlegu) sem tryggt er í 3. gr., heldur einnig gegn sjálfsákvörðunarrétti þeirra sem er þáttur í rétti til friðhelgi einkalífs og tryggður er í 8. gr.“ Dómstóllinn skilgreindi þar nauðgunarhugtakið þannig að megininntak þess sé hinn kynferðislegi sjálfsákvörðunarréttur einstaklingsins, þ.e. kynfrelsi hans. Af þeim sökum segir hann að refsa beri fyrir brot á kynfrelsi einstaklinga (þ.e. þar sem haft er samræði eða önnur kynferðismök við einstakling án hans vilja) jafnvel þótt að sá sem brotið beinist að veiti

ekki virka mótsþyrnu. Því til stuðnings vitnaði dómurinn í tilmæli Ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 3. maí 2002, um varnir gegn kynbundnu ofbeldi. Þar segir að aðildarríkjum beri að refsa fyrir allar ósamþykktar kynferðislegar athafnir jafnvel þó brotþoli sýni engin merki um virka mótsþyrnu (e. penalise any sexual act committed against non-consenting persons, even if they do not show signs of resistance). Það segir hann í samræmi við þróun í alþjóðlegum sakamálarétti þess efnist að skilgreiningaratríði í nauðgunarbrotum sé skortur á frjálsum samþykki brotþola en ekki afslæting gerandans (e. in international criminal law, any sexual penetration without the victim's consent, constitutes rape and that consent must be given voluntarily, as a result of the person's free will, assessed in the context of the surrounding circumstances). Þá sagði hann ósveigjanleika yfirvalda við ákvarðanir um saksókn, svo sem að krefjast sannanna um líkamlega mótstöðu brotþola í öllum málum, geri það að verkum að hætta sé á að ákveðnar tegundir nauðgana verði gerendum að refsilausu og tefli þannig virkri vernd kynfrelsis brotþola í tvísýnu. Í samræmi við nútímaviðmið og stefnu á því sviði, verði að telja að jákvæðar skyldur aðildarríkja samkvæmt 3. og 8. gr. sáttmálans útheimti að allar ósamþykktar kynferðisathafnir verði gerðar refsiverðar, einnig þegar þolandi hefur ekki veitt líkamlega mótstöðu, og að ákvörðun um saksókn taki mið af því. Þá vísar stefnandi til 14. og 17. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi nr. 10/1979.

Hvað tjónið varðar þá hafa afleiðingar brota stefndu verið miklar og alvarlegar fyrir stefnanda. Hún upplifði mikið andlegt áfall meðan á þeim stóð og hefur gert allar götur síðan. Strax eftir brotin leitaðist hún við að forðast allt sem minnti á þau, s.s. hugsanir og tilfinningar tengdar þeim, ákveðna staði og athafnir. Þá fékk hún endurupplifanir (e. flash back) og martraðir tengdar þeim. Allar þessar tengingar komu henni í mikið tilfinningalegt uppnám, sem varið gat í langan tíma á eftir og hafði eðlilega mjög neikvæð áhrif á allt hennar líf. Stefnandi upplifði einnig mikinn kvíða, pirring og reiði, átti erfitt með að einbeita sér og fann fyrir mikilli líkamlegri spennu. Tauganetið hennar var útþanið flesta daga, hún var á eilífu varðbergi og brá mjög auðveldlega. Svefninn varð mjög slæmur, bæði vegna erfiðleika með að festa svefn og að haldast sofandi, t.d. vegna tíðra martraða. Stefnandi upplifði mikla depurð, varð áhugalaus um flest sem áður veitti henni gleði og átti erfitt með að finna fyrir jákvæðum tilfinningum. Hún upplifði sig einangraða frá öðrum, m.a. sínum nánustu, hún lokaði sig af og átti erfitt með að sjá framtíð sína fyrir sér.

Afleiðingarnar voru það slæmar að stefnandi varð óvinnufær og mikið frá skóla. Þegar hún flutti til Reykjavíkur, ári eftir brotin, fékk hún fyrst viðeigandi aðstoð. Hún leitaði til Stígamóta sem mátu hana í það slæmu ástandi að þær komu því til leiða að hún leitaði á bráðamóttöku geðdeildar. Þar var hún m.a. greind með áfallastreituröskun og sótti meðferð til lengri tíma, alla jafna hitti hún sálfræðing einu sinni í viku. Að þeirri meðferð lokinni fór hún í sérstaka meðferð við áfallastreituröskun. Stefnandi náði á þessum tíma aldrei fullum tökum á kvíðanum og er því nú á kvíðalyfi. Líðan hennar er eftir atvikum en líkur standa til þess að hún muni aldrei að fullu ná sér af afleiðingum brotanna, heldur aðeins, ef allt fer á besta veg, læra að lifa með þeim.

Verði fallist á bótaskyldu stefndu hyggst stefnandi fara fram á dómkvaðningu matsmanna til þess að meta tjónið að fullu.

Kröfugerð stefnanda er með fyrirvara um fjárhæð bóta og vaxta af þeirri fjárhæð. Óvíst er um fjárhæð kröfunnar en rjúfa þarf fyrningu hennar með málsókn. Um heimild til þess að gera kröfu um greiðslu skaðabóta án fjárhæðar vísast til d-liðar 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og dóms Hæstaréttar frá 24. nóvember 2011 í máli nr. 136/2011.

Krafan sjálf er studd við skaðabótalög nr. 50/1993, með síðari breytingum, almennar ólögfestar reglur íslensks réttar um skaðabætur og almenn hegningarlög nr. 19/1940. Kröfur um verðbætur, vexti og dráttarvexti eru studdar við skaðabótalög nr. 50/1993, einkum 15. og 16. gr. og III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingar.

Heimild þess að stefna stefndu til greiðslu in solidum styðst við 18. gr. laga um meðferð einkamála nr. 19/1991.

Um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 19/1991, einkum 1. mgr. 130. gr. þeirra. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili skv. lögum nr. 50/1988 og ber því nauðsyn til að tekið verði tillit til skattsins við ákvörðun málskostnaðar.

IV. Sönnun og skýrslur.

Við þingfestingu mun stefnandi leggja fram lögregluskýrslur og ýmis önnur gögn, m.a. vottorð um heilsufar stefnanda.

Stefnandi gerir ráð fyrir því að hún muni sjálf koma fyrir dóminn og gefa aðilaskýrslu. Áskilinn er réttur til að tilgreina fleiri til skýrslugjafar á síðari stigum.

Málinu er stefnt til að rjúfa fyrningu, farið verður fram á dómkvaðningu matsmanna undir rekstri málsins til sönnunar á fjárhæð tjóns.

V. Fyrirkall.

Fyrir því stefnist hér með Jose Carlos Perny Figura og Loic Cédric Mbang Ondo, til þess að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómssal 102 í dómshúsinu við Lækjatorg, Reykjavík, 22. júní 2017, kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð og leggja fram gögn af sinni hálfu. ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu má búast við að útivistardómur gangi. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 15. maí 2017.

Sigrún Jóhannsdóttir hdl.

(2017009959)

Útgáfud.: 9. maí 2017

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **PKB verktakar ehf.**

Kt.: 640417-0130.

Heimili og varnarþing: **Akraseli 18, 109 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 13. apríl 2017.

Stofnendur: Páll Kristinn Pálsson, kt. 190590-3219, Akaseli 18, 109 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 13. apríl 2017.

Stjórnarmaður: Páll Kristinn Pálsson. Varastjórn: Páll Bergþórsson, kt. 240490-2349, Lyngási 1b, 210 Garðabær.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn: Páll Kristinn Pálsson.

Prókúruumboð: Páll Kristinn Pálsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Alexander Angelo Tonini, kt. 180484-2139, Safamýri 41, 108 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er almenn byggingastarfsemi, iðnrekstur, umsýsla fasteigna og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2017009140

Útgáfud.: 9. maí 2017

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: Iceland Up Close ehf.

Kt.: 640417-0560.

Heimili og varnarþing: Giljalandi, 371 Búðardalur.

Dagsetning samþykktar er: 11. febrúar 2017.

Stofnendur: Ásta Ósk Sigurðardóttir, kt. 130262-3179, Saurstöðum, 371 Búðardalur, Jól Bæring Jónsson, kt. 200262-7199, Saurstöðum, 371 Búðardalur, Dalamenn ehf., kt. 460808-0220, Giljalandi, 371 Búðardalur, Nónklettur ehf., kt. 660412-1070, Jörfa 2, 371 Búðardalur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 11. febrúar 2017.

Formaður stjórnar: Jól Bæring Jónsson. Meðstjórnendur: Sigurbjörg Kristmundsdóttir, kt. 170968-3449, Stekkjarholti 6, 310 Borgarnes, Bjarnheiður Jóhannsdóttir, kt. 131267-3129, Jörfa 2, 371 Búðardalur. Varastjórn: Reynir Guðbrandsson, kt. 120264-5329, Jörfa 2, 371 Búðardalur, Ásta Ósk Sigurðardóttir, Pétur Guðsteinsson, kt. 070568-3069, Stekkjarholti 6, 310 Borgarnes.

Firmað ritar: Allir stjórnarmenn saman.

Prókúruumboð: Sigurbjörg Kristmundsdóttir, Bjarnheiður Jóhannsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Aldís Olga Jóhannesdóttir, kt. 240776-3409, Ásbraut 4, 530 Hvammstangi, Hagsæld ehf., kt. 630805-0580, Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi.

Hlutfé kr.: 600.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er ferðaþjónusta og vörusala, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2017009141

Útgáfud.: 9. maí 2017

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: Sterkafli ehf.

Kt.: 660417-1760.

Heimili og varnarþing: Borgartúni 24, 105 Reykjavík.

Dagsetning samþykktar er: 21. apríl 2017.

Stofnendur: Zmartforce ehf., kt. 611016-1580, Borgartúni 24, 105 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 21. apríl 2017.

Formaður stjórnar: Bragi Ægisson, kt. 121189-2329,

Vogatungu 12, 200 Kópavogur. Meðstjórnendur: Magnús Magnússon, kt. 121078-3689, Möltu, Magnús Pálmi Örnólfsson, kt. 170571-4609, Möltu.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Magnús Magnússon, Magnús Pálmi Örnólfsson, Bragi Ægisson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er kaup, sala og eignarhald verðbréfa, eign, leiga og rekstur fasteigna, ráðgjöf, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi, starfsmannatengd þjónusta við fyrirtæki og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2017009142

Útgáfud.: 23. maí 2017

Fjárræðissvipting

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 17. maí 2017 í máli nr. L-13/2017 var Sigurbjörn B. Sigurbjörnsson, kt. 031158-3899, sviptur fjárræði í tvö ár frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Hafnarfirði 22. maí 2017.

Ragnheiður Bragadóttir.

(2017009973

Útgáfud.: 22. maí 2017

Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Guðni Th. Jóhannesson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 19. maí 2017.

Bjarni Benediktsson.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.

(2017009958

Lögbirtingablað,

71. tölublað 2017.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, Sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.